**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

| **Nafn og kt. rekstraraðila:** | **Dags. eftirlits:** | **Staðsetning stöðvar:** | **Starfsleyfisflokkur:** |
|---|---|---|---|
| Laxeyri ehf<br>Kt. 711002-2190 | 20. desember 2016 | Húsafelli Borgarbyggð | 4 |
| **Tengiliður:**<br>Jón Guðjónsson | **Netfang:**<br>laxeyri@emax.is | **Sími:**<br>848 2245 | **Gerð stöðvar:**<br>Landeldi |
| **Gildistími starfsleyfis:**<br>01.01.2023 | **Kvittun afhend:**<br>Já | **Viðstaddir eftirlit:**<br>Jón Guðjónsson | **Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:** |

| **Starfssemi** | **Já / Í lagi** | **Nei / Ekki í lagi** | **Á ekki við** | **Athugasemdir:** |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Seiðaeldi, að 20t |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br><br>Áætlaðar breytingar? | | | | Fyrsta eftirlit UST/MAST |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | X | | Er skráð í dagbók/rekstrarhandbók? |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | X | | Ekki komin |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | | Á ekki við |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | X | | Vantar áhættumat og viðbragðsáætlun |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | | Á ekki við |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | | Skoða aðstæður, á það við?<br><br>Á ekki við í þessu tilfelli. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | X | | Vantar neyðaráætlun |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | | Á ekki við |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Tölvustýrð gjöf. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br><br>Mælingar eða útreikningar?<br><br>Síðustu mælingar? | | X | | Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað inn. |
| Ástand frárennslis (landeldi).<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | | X | | Sjá mátti minniháttar set og útfellingar í frárennsli. Við stöðina er settjörn en virkni hennar er ekki eins og vera skyldi og er unnið að endurbótum. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | X | | | Við stöðina er settjörn en virkni hennar er ekki eins og vera skyldi og er unnið að endurbótum. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | X | | | |
| Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | | Á ekki við |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | X | | Vantar |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | | Á ekki við |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | | Á ekki við |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | | Á ekki við |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | Spilliefni falla að sögn rekstraraðila ekki til en allt annað rusl fer ásamt dauðum fiski í gám frá Gámaþjónustunni og svo í urðun í Fíflholti. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | X | | |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | | | Vantar |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | | Á ekki við |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi? | | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hver sér um mælingarnar? | | | | |

| **Niðurstöður síðasta eftirlits:**<br><br>Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila | |
|---|---|
| **Samantekt:** | Engin frávik komu fram við eftirlitið en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið. Sjá mátti minniháttar útfellinga við frárennslið en unnið er að endurbótum á settjörn. |
| **Frávik** | |
| **Athugasemdir** | Skráningar og umhverfisvöktun er ekki samkvæmt skilyrðum starfsleyfis. |
| **Annað** | |



*Undirskrift eftirlitsmanns:* ________________________________________

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerðar voru athugasemdir varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið og að áhættumat og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun og vöktunaráætlun vantar.

Farið var yfir starfsleyfið og þær kröfur sem koma fram í starfsleyfisskilyrðunum.
Gengið var um stöðina og hún skoðuð.

Athugasemdir eru gerðar við að skráningar í rekstrarhandbók eru ekki fullnægjandi og mat á losun efna út í umhverfið er ekki skv. starfsleyfisskilyrðum. Einnig eru gerðar athugasemdir við að rekstraraðili hefur ekki unnið áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar, neyðaráætlun og vöktunaráætlun. Bent er á að vinna þurfi þessar áætlanir og senda til eftirlitsaðila.

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp.

Skv. starfsskilyrðum fyrir fiskeldi á landi ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

Sverrir A Jónsson